

Niðurstöður aðalfundar Haga hf. 7. júní 2019

Meðfylgjandi má sjá niðurstöður aðalfundar Haga hf. sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica þann 7. júní 2019. Fundurinn hófst kl. 09:00. Tillögur fundarins voru samþykktar svohljóðandi:

1) Ársreikningur (dagskrárliður 2)

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, var lagður fram og samþykktur samhljóða.

2) Ráðstöfun hagnaðar (dagskrárliður 3)

Tillaga stjórnar Haga hf. um greiðslu arðs sem nemur 50% hagnaðar ársins, eða 0,955 krónu á hlut, samtals 1.158,5 millj. kr., var samþykkt samhljóða. Arðsréttindadagur verður 12. júní 2019, arðleysisdagur 11. júní 2019 og útborgunardagur 27. júní 2019.

3) Kosning stjórnar og endurskoðanda (dagskrárliður 4)

Í upphafi fundar óskaði fundarstjóri eftir heimild fundar til að færa dagskrárlið 8, um kosningu stjórnar og endurskoðanda, frammar í dagskrá. Var það samþykkt.

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

Eiríkur S. Jóhannsson, f. 1968	(855.107.735 atkvæði)
Erna Gísladóttir, f. 1968	(799.585.727 atkvæði)
Davíð Harðarson, f. 1976	(799.584.235 atkvæði)
Katrín Olga Jóhannesdóttir, f. 1962	(799.243.235 atkvæði)
Stefán Árni Auðólfsson, kt. 210772-4729	(663.633.259 atkvæði)

Samþykkt var samhljóða að endurskoðunarskrifstofan PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár.

4) Þóknun til stjórnarmanna (dagskrárliður 5)

Tillaga stjórnar Haga hf. um að stjórnarlausn verði óbreytt, þ.e. stjórnarformaður fær greitt kr. 660.000,- á mánuði, varaformaður 495.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 330.000,- á mánuði og að laun í undirnefndum stjórnar verði kr. 90.000,- á mánuði og að laun formanns verði tvöföld upphæð var samþykkt. Þá var samþykkt að nefndarmönnum tilnefningarnefndar verði greitt skv. reikningi 20 þús. kr. pr/klst.

5) Starfskjarastefna (dagskrárliður 6)

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar að starfskjarastefnu félagsins, en hún er nokkuð breytt frá áður samþykktari starfskjarastefnu. Lífeyrissjóðurinn Gildi lagði fram meðfylgjandi bókun. Starfskjarastefnan var samþykkt samhljóða á fundinum.

6) Starfsreglur tilnefningarnefndar (dagskrárliður 7)

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar að starfsreglum tilnefningarnefndar. Starfsreglurnar voru samþykktar á fundinum.

7) Kosning tilnefningarnefndar (dagskrárliður 8)

Samþykkt var samhljóma tillaga stjórnar Haga að þrír eftirtaldir fulltrúar verðir kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins.

- Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítala
- Björg Sigurðardóttir, löggiltur endurskoðandi
- Símon Á. Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi

8) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum (dagskrárliður 9)

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli sömu ákvæða. Tillagan var samþykkt samhljóða.

9) Samkeppnisstefna Haga (dagskrárliður 10)

Fyrir aðalfundinum lá tillaga frá stjórn Haga hf. um samkeppnisstefnu félagsins. Var hún samþykkt samhljóða á fundinum.